




# Öryggisbúnaður barna í bílum

Niðurstöður könnunar á öryggi barna  
í bílum við leikskóla árið 2025

# Góður árangur

Slysavarnafélagið Landsbjörg og Samgöngustofa gerðu könnun á öryggi barna í bílum á þessu ári. Könnunin var gerð við 38 leikskóla í 22 þéttbýliskjörnum víða um land og var búnaður hjá 1.525 börnum kannaður.

Ef teknar eru upplýsingar úr umferðarkönnunum Umferðarráðs og lögreglunnar frá árunum 1985 til 1995 og þeim bætt við niðurstöður kannana á öryggi barna í bílum við leikskóla má sjá þróunina frá árinu 1985 til dagsins í dag. Árið 1985 voru um 80% barna laus í bílum en í dag er sá fjöldi í dag um 1%.



1988: Sekt fyrir að vera ekki í öryggisbelti í framsætum


1990: Beltaskylda fyrir öll sæti í bíl og skyld að nota sérstakan öryggis- og verndarbúnað fyrir börn

1999: Sérstaklega skráð ef börn voru eingöngu í öryggisbeltum

# Þéttbýliskjarnar

Peir þéttbýliskjarnar sem eru til  
fyrirmyndar þetta árið eru  
Fáskrúðsfjörður\*, Hellissandur\*, Mývatn\*,  
Ólafsfjörður, Ólafsvík, Selfoss,

Sauðárkrókur og Vopnafjörður. Eru  
því 8 af 22 þéttbýliskjörnum í  
könnuninni með 100% notkun á  
réttum búnaði.




\* Staðir þar sem könnun náði til færri en 20 barna

# Leikskólar

Öryggi barna var athugað á 38 leikskólum. Á 16 þeirra voru öll börn í réttum öryggisbúnaði.



Ef leikskólum er raðað eftir niðurstöðum könnunarinnar má sjá að staðan er víðast mjög góð.



\* Staðir þar sem könnun náði til færri en 20 barna

# Landshlutar

Ökumenn á Norðurlandi vestra standa sig best í notkun öryggisbúnaðar fyrir börn þetta árið.



# Bakvísandi stólar

Barnabílstólar hafa tekið miklum breytingum síðustu ár og er nú kominn nýr öryggisstaðall sem allir nýir stólar í dag þurfa að uppfylla, svokallaður R129 eða i-size staðall.

Prófanir á stólunum eru mun betri en áður og eru þeir t.d. nú prófaðir fyrir hliðarárekstri sem ekki var skylda áður.

Ungbarnastólar eru nú allir með isofix og þurfa að vera bakvísandi að lágmarki fram til 15 mánaða aldurs og 76 cm. Mælt er þó með að börnin snúi baki í akstursstefnu mun lengur.

Öruggara er að barn snúi baki í akstursstefnu eins lengi og hægt er þar sem höfuð þess er hlutfallslega stórt og þungt og hálsliðir þess ekki fullþroskaðir. Með notkun bakvísandi barnabílstóla eru minni líkur á alvarlegum áverkum á mænu og heila lendi bíllinn í árekstri.

Í ár var könnuð notkun á bakvísandi bílstól með festingum fyrir barn og var notkun þeirra 11,7%. Alls voru 64% barna undir 2 ára aldri í bakvísandi stólum.

## Samanburður á fram- og bakvísandi barnabílstólum



### Framvísandi


Í hefðbundnum framvísandi barnabílstólum er börnum hættara við meiðslum þegar framanákeyrsla á sér stað. Meiri líkur eru á háls- og heilaskaða þegar barnið kastast fram.



### Bakvísandi

Bakvísandi barnabílstólar vernda barnið betur þegar framanákeyrsla á sér stað. Þeir vernda mun betur höfuð, háls og hrygg barnsins þar sem höggþunginn dreifist á stólinn.

110%




# Aldur og öryggisbúnaður

Alls var skoðaður búnaður hjá 294 börnum undir 3 ára aldri. Af þeim var eitt eins árs barn í engum búnaði og eitt tveggja ára barn eingöngu í beltí.

7,5% sex ára barna voru í engum eða ófullnægjandi búnaði. Það er ekki í lagi þar sem barn lægra en 135 cm á hæð skal ávallt vera í öryggis- og verndarbúnaði við hæfi.


Almennt séð dregur úr notkun öryggisbúnaðar eftir því sem börnin eldast.





# Beltanotkun ökumanna

97,3% ökumanna voru í öryggisbeltum við komu að leikskólanum og er það hæsta hlutfall sem komið hefur fram í könnuninni. Hefur þróunin verið mjög jákvæð síðustu ár.




Peir ökumenn sem spenna ekki beltin sjálfir eru mun líklegri til að hafa börnin laus í bílnum eða í röngum búnaði.

Beltislausir ökumenn spenntu börn sín eingöngu í bílbelti í 5% tilfella, en það er ekki réttur öryggisbúnaður fyrir börn á þessum aldri og 7,5% þeirra voru með börnin laus í bílnum.

Af þeim ökumönnum sem voru sjálfir í beltinu voru 1,6% sem spenntu börn sín eingöngu í bílbelti og 1% þeirra voru með börnin laus í bílnum.

Í 18 tilfellum var barn algerlega án búnaðar en þar af höfðu 15 ökumenn spennt beltid á sjálfa sig en haft barnið laust í bílnum.



# Beltanotkun ökumanna eftir þéttbýliskjörnum



\* Staðir þar sem könnun náði til færri en 20 ökumanna

# Öryggisbúnaður þarf að passa barni og bíl

Pegar valinn er öryggisbúnaður er mikilvægt að gefa sér góðan tíma, skoða heimasíður og kynna sér úrval verslana. Búnaðurinn þarf bæði að passa barninu og bílnum. Hægt er að fá upplýsingar á heimasíðum framleiðenda um hvort búnaðurinn passi í tiltekinn bíl eða í bæklingi sem fylgir honum.

Pegar öryggisbúnaður er festur í bíl er nauðsynlegt að það sé gert á réttan hátt. Þótt barn sé í öryggisbúnaði getur það slasast alvarlega eða látið lífið í slysi ef búnaðurinn er ekki rétt festur. Því er mikilvægt að lesa vandlega allar leiðbeiningar sem fylgja bílnum og barnabílstólnum.

Barn sem ekki hefur náð 150 cm hæð má ekki vera farþegi í framsæti bifreiðar sem búin er öryggispúða nema að púðinn hafi verið gerður óvirkur. Þessi regla á við þótt barnið sé í barnabílstól. Höggið sem öryggispúðinn gefur þegar hann springur út getur leitt barn til dauða þótt hann veiti fullorðnum öryggi.



# Að lokum

Samgöngustofa hefur gefið út eftirfarandi bæklinga sem snúa að öryggi barna í bíl og eru þeir aðgengilegir á vef Samgöngustofu, [www.samgongustofa.is](http://www.samgongustofa.is)

- Öryggi barna í bíl
- Umferðaröryggi leikskólabarna
- Börn í bíl - Íslenska
- Börn í bíl - Enska
- Börn í bíl - Spænska
- Börn í bíl - Tælenska
- Börn í bíl - Pólska
- Börn í bíl - Filipíska

Tekið skal fram að í 77. gr. umferðarlaga segir m.a. *ökumaður skal sjá um að í stað öryggisbeltis eða ásamt öryggisbelti noti barn undir 135 cm viðurkenndan barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- og verndarbúnað sem hæfir stærð þess*. Þá kemur fram að ökumaður skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað.

Ökumaðurinn ber þannig fulla ábyrgð á að barnið noti réttan öryggisbúnað.

Ennfremur segir í reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum: *Ökumaður skal sjá til þess að barn yngra en þriggja ára sem ferðast í ökutæki noti viðurkenndan öryggis- og verndarbúnað ætlaðan börnum í samræmi við þyngd þess. Á sama hátt skal ökumaður sjá um að í stað öryggisbeltis eða ásamt öryggisbelti noti barn þriggja ára eða eldra, en lægra en 135 cm að hæð viðurkenndan barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- eða verndarbúnað ætlaðan börnum. Í hópbífreið er þó leyfilegt að nota þann öryggis- og verndarbúnað fyrir börn þriggja ára eða eldri sem er til staðar í bifreiðinni.*

Ökumaður sem sinnir ekki skyldum sínum um verndun barna í bíl sem hann ekur má búast við að verða sektaður um 30 þúsund krónur og að fá einn refsipunkt í ökuferilsskrá fyrir hvert barn sem er laust eða ekki í réttum öryggisbúnaði í bílnum.

Börn á aldrinum 0-14 ára eru um 10% allra sem slasast í umferðinni.

Öryggi barna er á okkar ábyrgð. Engin bílferð er svo stutt að við getum gefið afslátt af því.